

Að panta háþrýstislöngu

Þegar maður pantar tilbúna, pressaða háþrýstislöngu eru nokkur atriði sem þarf að hafa í huga.

Ef verið er að endurnýja eldri slöngu þarf að vita eftirfarandi:

1. Hvernig slanga er þetta? Sjást einhverjar merkingar utan á slöngunni? Fyrir hvað er hún ætluð? Við hvaða aðstæður er hún notuð? Hvað þarf hún að þola, hita, þrýsting o.fl.? Stærð slöngu er alltaf miðuð við innanmál hennar og veggþykktin getur verið mjög mismunandi eftir efnisgerð, fjölda vírlaga inni í slöngunni og fleiri atriða. Þess vegna er mjög mikilvægt að skoða slönguna vel og jafnvel getur verið nauðsynlegt að skera hana í sundur til að fá réttar upplýsingar.
2. Hvað á slangan að vera löng? Þegar slanga er pöntuð er mikilvægt að gefa upp lengdina á henni milli ystu enda á nippli eða ysta fasta enda á ró. Ef um beygða slönguenda er að ræða skal gefa upp mál frá miðju beygjunnar. Slönguendar og fittings geta verið mislangir milli framleiðenda og jafnvel getur framleiðandi gert breytingar á sinni vöru eftir því sem árin líða, þess vegna er ekki öruggt að gefa upp lengd á gúmmíi eða lengd á milli hulsuenda. Mikilvægt er að hafa í huga að lengd háþrýstislöngu getur breyst um +2%-4% allt eftir þeim þrýstingi sem er settur á hana. Gera þarf ráð fyrir þessu þegar lengd slöngu er ákveðin.
3. Hvaða fittings á að vera í slöngunni? Upplýsingar um hvernig maður þekkir fittings er að finna í skjalinu „Helstu málsetningar og staðlar sem notað er í glussafittings“.

Þegar haft er samband við verslun Landvéla ehf. til að panta pressaða slöngu er gott að gefa upp eftirfarandi:

Innanmál slöngu og þrýstipól. (Getur verið innanmál og fjöldi vírlaga inni í slöngunni ef um háþrýstislöngu er að ræða.)

Í hvað á að nota slönguna? Er hún fyrir vatn, glussa, loft, bensín.....

Hvaða endar eiga að vera á slöngunni? Hvaða gengjugerð, er það karl eða kerling, eru beygjur.....?

Heildarlengd slöngu. Gott er að skoða meðfylgjandi myndir til að sjá hvernig heildarlengd er mæld rétt.



